

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2013

2013/EES/49/16

frá 15. mars 2013

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 995/2012 frá 26. október 2012 um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 30. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2004) hljóði svo:

„**32012 R 0995**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 995/2012 frá 26. október 2012 um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni (Stjtið. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 18).“

2. Texti 31. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1450/2004) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 995/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.